

4. gr.

Frá og með 1. janúar 1981 skal flokkaskipan vera þessi:

1. fl. Opnir vélbátar og þilfarsbátar allt að 12 br. rúml.
2. fl. Fiskiskip stærri en 12 br. rúml. og allt að 100 br. rúml.
3. fl. Fiskiskip stærri en 100 br. rúml.
4. fl. Minni skuttogarar (þ. e. undir 500 br. rúml.) loðnuskip og önnur sambærileg fiskiskip.

Greiðslur samkvæmt þessari grein skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 1981:

1. fl. kr. 15.82 á úthaldsdag fyrir hvern sjómann.
2. fl. kr. 25.33 á úthaldsdag fyrir hvern sjómann.
3. fl. kr. 33.80 á úthaldsdag fyrir hvern sjómann.
4. fl. kr. 42.25 á úthaldsdag fyrir hvern sjómann.

Fjárhæðir þær, sem um getur í þessari grein skulu breytast með breytingum á matvörulíð framfærsluvísitölu.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 101 31. des. 1980 og öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. febrúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Jón L. Arnalds.

REGLUGERÐ

**um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundartangahafnar,
nr. 213 28. mars 1980.**

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 0,36 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0,18 á brúttórúmllest.
- c) Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 0,36 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári. kr. 24,60 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 123,55.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0,18 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftár en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 19,80 af hverri brúttórúmllest.

Gjald dagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 2. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 670 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 14,20 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 39,15 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 3,85 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0,85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 3,20.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 351 16. maí 1980.

Samgönguráðuneytið, 16. febrúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 630/1980 um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skirteinagjöld skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Vegabréf til útlanda (18—66 ára)	kr. 90
2. Vegabréf til útlanda fyrir aðra	— 50
3. Ökuskirteini bifreiðastjóra	— 50
4. Skirteini til aksturs bifhjóls	— 50
5. Skirteini til stjórnar farandvinnuvélar	— 90
6. Ökuskirteini, alþjóðlegt	— 90
7. Bifreiðaskirteini, alþjóðlegt	— 90
8. Meistarabréf	— 440
9. Sveinsbréf	— 90
10. Stýrimanns- og skipstjóraskirteini á fiskiskipum allt að 120 br. rúml., hvert skirteini	— 50
11. Stýrimanns- og skipstjóraskirteini á fiskiskip af hvaða stærð sem er og stýrimanns- og skipstjóraskirteini á verslunarskip allt að 400 br. rúml., hvert skirteini	— 140
12. Undirstýrimannsskirteini, stýrimannsskirteini og skipstjóraskirteini á verslunarskip og varðskip af hvaða stærð sem er, hvert skirteini	— 180
13. Vélstjóraskirteini, fyrsta stigs, hvert skirteini	— 50
14. Vélstjóraskirteini, annars stigs, hvert skirteini	— 90
15. Vélstjóraskirteini, þriðja stigs, hvert skirteini	— 140